*Alþingi*
*Erindi nr. Þ /130/1708*
*komudagur 7.4.2004*

VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**
**Efnahags- og viðskiptanefnd**
**b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 2. apríl 2004

**Efni: Frv. til l. um hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans (755. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) hefur gegnt mikilvægu hlutverki við langtímafjármögnun verkefna íslenskra og annarra norrænna fyrirtækja bæði innan Norðurlanda og utan. Íslensk fyrirtæki hafa notið góðs af öflugri lánastarfsemi bankans hérlendis og áhuga og skilningi Jóns Sigurðssonar aðalbankastjóra NIB á fjárfestingarverkefnum hérlendis.

VÍ telur hækkun útlánaramma NIB vegna norrænna fjárfestingarlána utan Norðurlanda eðlilega. Íslensk fyrirtæki hafa ekki nýtt sér að neinu marki þann ramma sem hér um ræðir. Hvatt er til þess að bankinn kynni betur þá lánamöguleika sem í boði eru fyrir íslensk fyrirtæki sem hyggja á fjárfestingarverkefni utan Norðurlanda.

Verslunarráð Íslands styður því þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigþrúður Ármann

*Póstáritun:*
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is